

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðanna Dysja og Pálshúsa í Garðahreppi, þ. e. þann hluta jarðanna, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaптún vegna landakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega fram 10 millj. króna á árunum 1974—1983, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kaптúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.